

**Stofnanasamningur
milli
Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga
og Framsýnar- stéttarfélags**

(samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Starfsgreinasambands Íslands 7. apríl 2004)

1. Gildissvið:

Samningurinn nær til þeirra félagsmanna innan Framsýnar- stéttarfélags sem starfa hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

2. Markmið:

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með gerð stofnanasamningsins:

- a) að samningurinn stuðli að auknum sveigjanleika í launaröðunum starfsmanna.
- b) að samningurinn taki mið af skipuriti stofnunarinnar.
- c) að samningurinn stuðli að auknum tækifærum fyrir starfsmenn til áhrifa á framgang í starfi og virki hvetjandi á starfsmenn til að auka við þekkingu sína.
- d) að samningurinn stuðli að jafnrétti kynjanna og að jafnræðis sé gætt við ákvörðun launa.

3. Starfaflokkar og grunnröðun starfa:

Launakerfi stofnunarinnar byggir á eftirfarandi starfaflokkum:

- A: starfsmenn við ræstingu, í eldhúsi og þvottahúsi.
- B: starfsmenn við umönnun.
- C: Aðstoðarfólk sjúkráþjálfara
- D: Fagstjóri ræstinga
- E: Félagsliðar, Matartæknar sem lokið hafa tilskyldu námi.

Starfsmaður A skal grunnraðast í:

Launaflokk 007.

Starfsmaður B skal grunnraðast í:

Launaflokk 008.

Starfsmaður C skal grunnraðast í:

Launaflokk 011.

Starfsmaður D skal grunnraðast í:

Launaflokk 013.



Starfsmaður E skal grunnraðast í:

Launaflokk 015.

4. Launaflokkahækkunar vegna starfsaldurs og næturvakta

Starfsmenn geta hækkað um allt að 4 launaflokka vegna starfsaldurs hjá stofnuninni eða sambærilegri stofnun. Þessar hækkunar skulu vera sem hér segir:

Eftir 3 ára starf skal starfsmaður hækka um 1. launaflokk.

Eftir 6 ára starf skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.

Eftir 12 ára starf skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk

Eftir 14 ára starf skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.

Heimilisstörf má meta frá 19 ára aldri til allt að 7 ára starfsreynslu, enda séu önnur störf á sama tíma ekki metin sem starfsreynsla.

Þá skulu starfsmenn sem gegna næturvöktum á hverjum tíma fá 1 launaflokk meðan þeir gegna næturvöktum með öðrum reglubundnum vöktum. Hætti þeir á næturvöktum fellur þessi sérstaki launaflokkur niður.

5. Launaflokkahækkunar vegna menntunar:

Starfsmenn skulu hækka vegna menntunar sem nýtist viðkomandi í starfi. Þessar hækkunar skulu vera sem hér segir:

Eftir 60 stunda námskeið skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.

Eftir 120 stunda námskeið skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.

Eftir 240 stunda námskeið skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.

Eftir 300 stunda námskeið skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.

Hafi starfsmaður lokið framhaldsnámi, sérnámi eða frekari námskeiðum sem nýtast í starfi, skal meta það sérstaklega til hækkunar um allt að tvo launaflokka. Meta skal hluta af námi samkvæmt framangreindu til hækkunar.

Þessi grein nær ekki til starfsmanna sem raðast í E flokk sjá fylgiskjal. Aðrar greinar ná allar til félagsliða og matartækna.

6. Launaflokkahækkunar vegna annarra þátta:

Heimilt er að hækka starfsmann tímabundið eða til frambúðar, þó aldrei skemur en í þrjá mánuði um launaflokka að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) Starfið felur í sér sérstaka ábyrgð.
- b) Starfið felur í sér flókin verkefni.
- c) Starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining til annarra starfsmanna.
- d) Starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan.
- e) Starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðarbundið.



f) Starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi.

g) Starfsmaður sýnir sérstakt frumkvæði.

Launaflokkahækkun samkvæmt þessum lið getur þó aldrei orðið meiri en þrír launaflokkar.

7. Starfsmannaviðtöl, launaframgangur:

Starfsmenn skulu eiga rétt á starfsmannaviðtali einu sinni á ári. Viðtalið er liður í starfsþróunaráætlun stofnunarinnar og starfsmannsins. Óski starfsmaður eftir endurskoðun launaröðunar í tengslum við starfsmannaviðtal, skal hann sækja sérstaklega um hana og rökstyðja umsóknina. Í starfsþróunaráætlun skal m.a. koma fram:

- a) Mat á launum með tilliti til forsendna í 6. lið.
- b) Áætlun um símenntun starfsmanns.
- c) Umsögn um starfsmanninn og þróun hans í starfi.

Stofnunin skal halda til haga skriflegum forsendum sem liggja að baki hækkunum samkvæmt 6. lið.

8. Endurskoðun:

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SGS og fjármálaráðherra. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

9. Gildistími

Aðilar eru sammála um að samningur þessi taki gildi 1. mars 2014 og fylgi ákvæðum kjarasamninga á hverjum tíma.

Húsavík 25. ágúst 2014

f.h. Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga



f.h. Framsýnar- stéttarfélags



Fylgiskjal

Varðar röðun og sérákvæði fyrir félagsliða og matartækna og aðra þá sem fallið geta undir sömu skilgreiningu varðandi nám.

Matartæknar raðast skv. eftirfarandi:

- 015 Matartæknir byrjunarlaun
- 016 Matartæknir eftir eitt ár í starfi
- 017 Matartæknir með verkstjórn/eða eftir 5 ár í starfi

Félagsliði raðast skv. eftirfarandi:

- 015 Félagsliði byrjunarlaun
- 016 Félagsliði eftir eitt ár í starfi
- 017 Félagsliði eftir 5 ár í starfi

Starfsmenn sem lokið hafa félagsliðanámi/matartæknanámi skuli raðast samkvæmt ofangreindri reglu í launaflokk 015. Eftir eitt ár í starfi sem félagsliðar/matartæknar skulu þeir hækka í 016. Sömuleiðis skulu þeir hækka í launaflokk 017 eftir 5 ára starf sem félagsliðar/matartæknar.

Starfsaldur samkvæmt 4. grein samningsins skal koma til viðbótar þegar lagt er mat á starfsaldur starfsmanna. Sama á við um 6. og 7. grein er varðar aðra þætti s.s. ábyrgð í starfi og launaframgang.

Meta skal starfsaldur hjá sambærilegum stofnunum enda leggi starfsmenn fram staðfestingu á því að þeir hafi starfað sem félagsliðar/matartæknar á viðkomandi stofnun.

Inn í félagsliða- og matartækninámið er búið að meta námskeiðin skv. 5. grein Stofnanasamningsins og koma þau því ekki til frekari hækkunar í launatöflu.

Viðbótarmenntun fyrir félagsliða/matartækna

Félagsliðar og matartæknar sem lokið hafa námi skulu hækka vegna frekari menntunar sem nýtist þeim í starfi. Þessar hækkunir skulu vera sem hér segir:

- Eftir 60 stunda námskeið skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.
- Eftir 120 stunda námskeið skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.
- Eftir 240 stunda námskeið skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.

Húsavík 17. september 2013



Samkomulag

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Framsýn- stéttarfélag gera með sér svohljóðandi samkomulag sem byggir á núverandi stofnanasamningi aðila frá 17. september 2013.

Um er að ræða breytingar á tveimur greinum stofnanasamningsins (3.gr og 5.gr) auk fylgiskjals II þar sem tekið er sérstaklega á málefnum fastráðina hlutastarfandi sjúkraflutningamanna á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga sem starfa á Húsavík.

3. Starfaflokkar og grunnröðun starfa:

Launakerfi stofnunarinnar byggir á eftirfarandi starfaflokkum:

- A: starfsmenn við ræstingu, í eldhúsi og þvottahúsi.
- B: starfsmenn við umönnun.
- C: Hlutastarfandi sjúkraflutningamenn
- D: Aðstoðarfólk sjúkraþjálfara
- E: Fagstjóri ræstinga
- F: Félagsliðar, Matartæknar sem lokið hafa tilskyldu námi.

Starfsmaður A skal grunnraðast í:

Launaflokk 007.

Starfsmaður B skal grunnraðast í:

Launaflokk 008.

Starfsmaður C skal grunnraðast í:

Launaflokk 09.

Starfsmaður D skal grunnraðast í:

Launaflokk 011.

Starfsmaður E skal grunnraðast í:

Launaflokk 013.

Starfsmaður F skal grunnraðast í:

Launaflokk 015.

5. Launaflokkahækkunar vegna menntunar:

Starfsmenn skulu hækka vegna menntunar sem nýtist viðkomandi í starfi. Þessar hækkunar skulu vera sem hér segir:

Eftir 60 stunda námskeið skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.

Eftir 120 stunda námskeið skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.

Eftir 240 stunda námskeið skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.

Eftir 300 stunda námskeið skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.

Hafi starfsmaður lokið framhaldsnámi, sérnámi eða frekari námskeiðum sem nýtast í starfi, skal meta það sérstaklega til hækkunar um allt að tvo launaflokka. Meta skal hluta af námi samkvæmt framangreindu til hækkunar.

Þessi grein nær ekki til starfsmanna sem raðast í C flokk eða F flokk sjá fylgiskjöl. Aðrar greinar ná allar til félagsliða, matartækna og hlutastarfandi sjúkraflutningamanna.

Fylgiskjal II

Varðar röðun og sérákvæði fyrir hlutastarfandi sjúkraflutningamenn á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga sem starfa á Húsavík.

Sjúkraflutningamenn skulu fá metið nám/námskeið með eftirfarandi hætti. Ákvæði þetta kemur í staðinn fyrir 5. grein stofnanasamningsins:

- 09 Sjúkraflutningamaður I (Meirapróf)
- 011 Sjúkraflutningamaður II (Grunnám sjúkraflutninga)
- 014 Sjúkraflutningamaður III (Neyðarflutninganám)

Auk þessa eiga sjúkraflutningamenn rétt á tveimur launaflokkum til viðbótar áunnum rétti vegna auka námskeiða/símenntunar sem fylgir starfinu og stofnunin samþykkir að veiti rétt til launahækkana. Sjá hér að neðan. Að öðru leiti vísast í stofnanasamninginn varðandi ávinnslu launaflokka til hækkunar.

Hækkun vegna námskeiða:

- Eftir 60 stunda námskeið skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.
- Eftir 120 stunda námskeið skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.

Bakvaktageiðslur skulu bundnar ákveðnum launflokkum:

- Sjúkraflutningamaður I: Bakvaktir skulu m.v. launaflokk 9 – 6 þrep.
- Sjúkraflutningamaður II og III: Bakvaktir skulu m.v. launaflokk 11 – 6 þrep.

Sjúkraflutningamenn skulu eiga kost á að sækja endurmenntunar- og framhaldsnámskeið sér að kostnaðarlausu eftir því sem við verður komið. Með því er einnig átt við að viðkomandi stofnun greiði sjúkraflutningamanni laun sem þeir væru ráðnir í fullt starf á meðan fjarvistir frá vinnu vara.

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga skal greiða sjúkraflutningamönnum ákveðna þóknun eftir samkomulagi fyrir notkun þeirra á eigin símtækjum.

Sjúkraflutningamönnum er skylt að annast um búnað og mæta á æfingar eftir nánari ákvörðun viðkomandi heilbrigðisyfirvalda.

Sé sjúkraflutningamanni falin sérstök ábyrgð, svo sem umsjón með öðrum og/eða bifreiðar eða öðrum slíkum sérverkefnum umfram aðra starfsmenn er stofnun skylt að semja sérstaklega við þá starfsmenn um hærri viðmiðunarlaunaflokk eða aðra þóknun.

Sjúkraflutningamönnum skal sköpuð aðstaða til að stunda líkamsrækt, til þjálfunar og viðhalds líkamlegu þreki sínu, þeim að kostnaðarlausu. Stofnunin skal líta til almennra ákvæða heilsuráfsstefnu sinnar hvað varðar þessa starfsmenn líkt og annarra.

Þá skulu sjúkraflutningamenn eiga rétt á andlegum stuðningi/áfallahjálpi á vegum Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga þurfi þeir á því að halda vegna starfa þeirra fyrir stofnunina.

Samkomulag þetta tekur gildi frá og með undirskrift og kemur til framkvæmda 1. janúar 2014.

Húsavík 20. desember 2013